

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 144/2024

frá 12. júní 2024

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn, um afnám tæknilegra
hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/625 frá 14. febrúar 2024 um að veita heitinu „Campo de Calatrava“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/698 frá 19. febrúar 2024 um að veita heitinu „Beira Atlântico“ (VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um vín. Ákvæði löggjafar um vín skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í 7. mgr. inngangsorða í bókun 47 við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 4) Bókun 47 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 8zh (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/219) í I. viðauka við bókun 47 við EES-samninginn:

„8zi. **32024 R 0625**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/625 frá 14. febrúar 2024 um að veita heitinu „Campo de Calatrava“ (VUT) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtíð. ESB L, 2024/625, 21.2.2024).

8zj. **32024 R 0698**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/698 frá 19. febrúar 2024 um að veita heitinu „Beira Atlântico“

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L, 2024/625, 21.2.2024.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L, 2024/698, 26.2.2024.

(VLM) vernd skv. 99. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1308/2013 (Stjtíð. ESB L, 2024/698, 26.2.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/625 og (ESB) 2024/698, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. júní 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. júní 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.